

GREINARGERÐ

stefndu í félagsdómsmáli nr. 14/2019:

Verkalýðsfélag Akraness
gegn
Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit
og til réttargæslu
Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Málflutningsumboð:

Anton B. Markússon hrl., Altus lögmönnum slf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, flytur mál þetta f.h. stefndu, Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit og réttargæslustefnda Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Dómkröfur:

Stefndu krefjast þess að verða sýknaðir af öllum dómkröfum stefnanda fyrir Félagsdómi.

Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt mati Félagsdóms eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Ekki eru hafðar uppi kröfur af hálfu réttargæslustefnda enda engar kröfur gerðar á hendur honum.

Framlögð skjöl:

Stefndu leggja fram eftirfarandi skjöl:

Nr. 10. Greinargerð þessa.

Nr. 11. Ráðningarsamningur tímavinnustarfsmanns.

Málavextir og önnur atvik:

Stefndu lýsa málavöxtum svo, að í febrúar 2016 hafi réttargæslustefndi og stefnandi undirritað samkomulag um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila, með gildistíma 1. janúar 2016 til 31. mars 2019. Með samkomulaginu voru gerðar margvíslegar breytingar á þágildandi kjarasamningi, einkanlega launabáttum, en auk þess sættu önnur kjarasamningsbundin réttindi endurskoðun, s.s. orlofsréttindi, uppbætur og vinnutími. Í fimmta kafla samkomulagsins, sem fjallar um eingreiðslur á samningstímanum, segir orðrétt.

„Grein 1.2 hljóði svo:

Sérstök eingreiðsla, kr. 42.500, greiðist þann 1. febrúar 2019 hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.“

Eingreiðslan var reiknuð sem ígildi 3% hækkunar meðal heildarvinnulauna á tímabilinu janúar, febrúar og mars 2019 og var tilgangurinn hennar fyrst og fremst sá að framlengja friðarskyldu og skapa svigrúm til samninga. Í samræmi við þau skilyrði sem sett voru fyrir eingreiðslunni kom hún til útborgunar til þeirra sem áttu rétt á henni 1. febrúar 2019.

Stefnandi hefur kosið að gera ágreining um ákvörðun réttargæslustefnda á framkvæmd og afgreiðslu eingreiðslunnar, en samkvæmt henni eiga þeir starfsmenn sem voru ekki í föstu starfshlutfalli í desember sl., þ.e.a.s. „tímavinnustarfsmenn“, ekki rétt á greiðslunni.

Málsástæður og lagarök:

Það er meginmálsástæða stefnda fyrir sýknu, að félagsmenn stefnanda, sem falla undir grein 1.4 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands, með gildistíma frá 1. janúar 2016 til 31. mars 2019, eigi ekki rétt á eingreiðslu samkvæmt gr. 1.2, sbr. 5. kafli í samkomulagi um breytingar og framlengingu kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga, f.h. Akraneskaupstaðar og Verkalýðsfélags Akraness.

Ráðning í tímavinnu er viðurkennt ráðningarform á íslenskum vinnumarkaði og jafnframt undantekning frá þeirri meginreglu að starfsmenn skuli ráðnir á mánaðarlaun í föstu starfshlutfalli. Löng hefð er fyrir því í kjarasamningum opinberra starfsmanna að greina á milli þeirra sem ráðnir eru í tímavinnu og annarra sem fá mánaðarlaun. Eitt meginmerkni slíks ráðningarfyrirkomulags er að hinir fyrrnefndu eru yfirleitt ekki taldir í föstu ráðningarsambandi og skyldur þeirra því ekki sambærilegar við það sem gerist almennt hjá mánaðarkaupsfólki. Mestu máli skiptir í því sambandi, að laun og réttindi tímavinnustarfsmanna eru að mörgu leyti frábrugðin kjörum fastráðinna starfsmanna. Tímakaup tímavinnustarfsmanna er hærra, en starfskjör og réttindi að sama skapi lakari. Þannig njóta starfsmenn í föstu starfshlutfalli bæði lengri uppsagnarfrests og veikindaréttar. Sem dæmi má nefna, að veikindaréttur tímavinnustarfsmanna getur mest orðið 30 dagar, samkvæmt grein 12.2.2 í kjarasamningi, en veikindaréttur starfsmanns á mánaðarlaunum getur mest orðið 360 dagar, samkvæmt grein 12.2.1.

Fjallað er um tímavinnustarfsmenn í kafla 1.4 í kjarasamningi réttargæslustefnda og stefnanda, en samkvæmt grein 1.4.3 samningsins skal ráða starfsmann á mánaðarlaun/starfshlutfall, ef reglubundin vinnuskylda hans er 20% á mánuði eða meiri. Sé reglubundin vinnuskylda hans minni og þegar um er að ræða óregluleg vinnuskil er heimilt að ráða hann í tímavinnu. Þá gerir ákvæðið ráð fyrir því að heimilt sé að ráða í tímavinnu, óháð vinnuskyldu í eftirfarandi undantekningartilvikum:

1. Nemendur við störf í skólaleyfum og/eða með námi.
2. Lífeyrisþega, sem vinna hluta út starfi.
3. Starfsmenn, sem ráðir eru til skamms tíma vegna sérstakra árvissar álagstíma ýmissa stofnana þó eigi lengur en 2 mánuði.
4. Starfsmenn, sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum.
5. Starfsmenn, sem starfa óreglubundið um lengri eða skemmri tíma, þó aðeins í algjörum undantekningartilvikum.

Athygli er vakin á því, að það sé ekki tilviljun háð, að um laun og réttindi tímavinnustarfsmanna sé fjallað í sérstökum kafla kjarasamningsins. Að sama skapi var það engin tilviljun, heldur meðvituð ákvörðun aðila kjarasamningsins, að orða grein 1.2 samkomulagsins með þeim hætti sem gert var, þ.e.a.s. að hún tæki einungis til starfsmanna í föstu starfi og miðaðist við starfstíma og starfshlutfall. Hafi einhver vafi verið uppi um til hvaða hóps starfsmanna ákvæðið næði, þá ætti honum að hafa verið eytt með orðinu „starfshlutfall“ í seinni málslið ákvæðisins. Staðreyndin er nefnilega sú, að öllum þeim sem koma að kjarasamningsviðræðum með einum eða öðrum hætti, með engri undantekningu, á að vera það ljóst að tímavinnustarfsmenn eru aldrei ráðnir í starfshlutfall. Slíkt fyrirkomulag hefur aldrei tíðkast á íslenskum vinnumarkaði og hefur aldrei verið tekið upp eða verið viðurkennt sem ráðningarform, hvorki hjá hinu opinbera né heldur á almennum vinnumarkaði. Það er því alveg útilokað að fallast á þá skýringu stefnanda að ákvæði greinar 1.2 eigi við um alla starfsmenn sem eru í starfi á tilteknum tíma,

hvort heldur sem um er að ræða tímavinnustarfsmenn eða starfsmenn í föstu starfshlutfalli, sbr. ótvírætt orðalag greinar 1.4.3.

Stefnandi heldur því fram, að því er virðist í fullri alvöru og ætlast til þess að rétturinn trúi, að ráðning í tímavinnu jafngildi ráðningu samkvæmt starfshlutfalli og enginn greinarmunur sé þar á milli í skilningi kjarasamnings. Til marks um það er staðhæfing hans í stefnu, rétt fyrir neðan miðja bls. 4, en þar segir orðrétt:

..., Þannig eiga allir þeir sem falla undir kjarasamninginn og eru „við störf í desember 2018 og [eru] enn í starfi í janúar“ rétt á greiðslu samkvæmt ákvæðinu. “

Á því er byggt, að stefnandi haldi staðhæfingunni fram gegn betri vitund, enda hafi hann verið fullkomlega meðvitaður um þær forsendur sem lágu að baki eingreiðslunni og ekki síður hvaða starfsmenn skyldu eiga rétt á henni. Staðreynd málsins er sú, að í viðræðum sem áttu sér stað milli aðila, gerði stefnandi hvorki athugasemdir við forsendurnar né fyrirvara við þær. Nærtækast er að skilja afstöðu stefnanda svo að hann hafi samþykkt þær fyrir sitt leyti.

Fyrir einhverra hluta sakir hefur stefnandi kosið að sleppa umfjöllun um forsendurnar sem lágu að baki þeirri fjárhæð sem eingreiðslan byggðirst á. Vegna þessa telja stefndu mikilvægt að áréttu að fjárhæðin sem myndar eingreiðsluna var fundin út með eftirfarandi hætti.

- Áætluð meðal heildarmánaðarlaun á hvert stöðugildi fastráðinna starfsmanna sem eru starfandi (að háskólamönnum undanskildum) í desember 2018.
- Reiknuð hækkun meðal heildarmánaðarlauna um 3% í þrjá mánuði, þ.e. janúar, febrúar og mars 2019.

Í samræmi við ofangreindar forsendur var fundin út eingreiðsla, kr. 42.500,-.

Nánar er á því er byggt, að það hafi verið sameiginleg ákvörðun málsaðila, að leggja framangreindar forsendur til grundvallar við ákvörðun eingreiðslunnar. Stoðar ekki fyrir stefnanda að halda því fram nú að þær hafi allt aðra og ríkari merkingu en samið var um og skuli einnig gilda um tímavinnustarfsmenn. Slíkur skýringarkostur er með öllu ótækur. Þvert á móti eru forsendurnar ótvíræðar og gefa ekki tilefni til annarrar túlkunar en þeirrar sem stefndu og réttargæslustefndi hafa haldið fram, að einu starfsmennirnir sem rétt eiga á eingreiðslunni, eru þeir sem voru í föstu starfshlutfalli í desember 2018 og voru enn við störf í janúar 2019. Í ljósi þess hvernig öllum málavöxtum er háttað, eiga stefndu erfitt með að verjast þeirri tilhugsun að það hafi alltaf verið ætlan stefnanda, raunar einbeittur vilji, að ná fram réttindum fyrir félagsmenn sína sem ráðnir eru í tímavinnu, og þar af leiðandi ekki í föstu starfshlutfalli, án þess að stefndu hefðu nokkuð um það að segja. Með öðrum orðum, að sniðganga viðsemjendur sína og láta Félagsdóm um að ákveða kjarasamningsbundin réttindi. Í raun fullkomlega óásættanleg málsmeðferð sem stríðir gegn öllum þeim lögmaðlum sem einkenna gerð kjarasamninga, framkvæmd þeirra og afgreiðslu. Stefndu halda því staðfastlega fram að stefnanda hafi mátt vera það ljóst, er samið var um hina umdeildu eingreiðslu, að hún tæki einvörðungu til starfsmanna í föstu starfshlutfalli. Stefnanda er vitaskuld heimilt að hafa skoðun á því hvernig hann telur framkvæmd eingreiðslunnar eiga að vera og færir nokkuð sannfærandi rök fyrir henni í stefnu. Staðreyndin er á hinn bóginn sú, að skýringar stefnanda hafa enga efnislega þýðingu og geta aldrei verið lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Skiptir öllu máli í því sambandi að skýr greinarmunur er gerður á kjörum og réttindum tímavinnustarfsmanna og starfsmanna í föstu starfshlutfalli í kjarasamningi en sem fyrr segir er um tvö gjörólík ráðningarform að ræða. Svo unnt sé að fallast á þau sjónarmið sem stefnandi heldur fram í málinu yrði fyrst að breyta framkvæmdinni og endursemjum um þetta atriði í kjaraviðræðum. Nánar: að laga réttindi og skyldur tímavinnustarfsmanna að réttindum starfsmanna í föstu starfshlutfalli sem njóta fastra mánaðarlauna.

Þar til slíkt gerist, munu þessir hópar starfsmanna njóta ólíkra réttinda og kjara. Þetta leiðir óhjákvæmilega af inntaki ráðningarformanna og hefur ekkert með ójafnræði eða mismunun að gera. Staðreyndin er sú, að í gildi eru samningar þar sem samið hefur verið um að réttindi tímavinnustarfsmanna séu mun minni en starfsmanna sem ráðnir eru í fast starfshlutfall. Geta stefndu ekki annað en lýst sárum vonbrigðum yfir rakalausum málatilbúnaði stefnanda þar sem þeir eru vændir um að hlunnfara tímavinnustarfmenn og brjóta gegn samningsbundnum réttindum þeirra. Fullt samráð var haft við stefnanda í tengslum við breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli réttargæslustefnda og stefnanda. Sætti samkomulagið hvorki mótbárum né athugasemdum af hans hálfu. Verður afstaða hans ekki túlkuð öðruvísi en svo að hann hafi samþykkt öll efnisákvæði samkomulagsins fyrir sitt leyti, þ. á m. eingreiðsluákvæðið. Ber því að sýkna stefndu af öllum dómkröfum stefnanda.

Að öðru leyti gera stefndu eftirfarandi athugasemdir við málatilbúnað stefnanda.

- Tilvísun stefnanda til laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er röng, þegar af þeirri ástæðu að lögin taka ekki til stefnanda. Almennu stéttarfélögin innan ASÍ, þ.m.t. stefnandi, semja við ríki og sveitarfélög á grundvelli laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. Félagsdómur 1/1994 (X:153).
- Í umfjöllun sinni um grein 1.2 samkomulagsins, skýringu þess og túlkun, byggir stefnandi á því að það eigi við um alla starfsmenn stefndu, þ.m.t. tímavinnustarfmenn. Stefndu benda á að hæpið sé að styðjast við þann skýringarkost þegar af þeirri ástæðu að í greininni er miðað við starfshlutfall. Tímavinnustarfmenn eru ekki ráðnir í starfshlutfall en af orðalagi ákvæðisins leiðir að það tekur ekki til þeirra.
- Tilvísun stefnanda í kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins við Starfsgreinasambandið og ASÍ getur aldrei haft þýðingu fyrir mál þetta. Samningarnir sem um ræðir eiga ekki við um störf starfsmanna sveitarfélaga auk þess sem réttindi og skyldur tímavinnustarfsmanna eru ekki sambærilegar í samningunum.
- Að sama skapi er umfjöllun í stefnu um lög nr. 10/2004, um starfsmenn í hlutastörfum, bersýnilega þýðingarlaus enda er þeim ætlað að tryggja réttarstöðu þeirra starfsmanna sem njóta ekki ákveðinna lágmarksréttinda samkvæmt kjarasamningi.
- Þá telja stefndu ástæðu til að benda á þann tvískinnungshátt sem einkennir málatilbúnað stefnanda og birtist ljóslega í umfjöllun í stefnu um kröfugerð. Þar segir orðrétt:

„Krafan lýtur að því að tilteknir starfsmenn sem fjallað er um í grein 1.4 í kjarasamningi fái sömu réttindi og aðrir starfsmenn sem heyra undir kjarasamninginn.“

Nú er það svo að stefnandi hefur ákveðið að gera árgreining um hverjir skuli njóta eingreiðslunnar samkvæmt grein 1.2 samkomulagsins. Engu að síður lýtur krafan að því, að tímavinnustarfmenn fái „sömu réttindi“ og aðrir starfsmenn. Vegna framsetningarinnar vaknar óneitanlega sú spurning hvað stefnandi eigi við með sömu réttindum enda vitað mál að réttindi milli starfsmanna í föstu starfshlutfalli og tímavinnustarfsmanna, sem heyra hvorir tveggja, undir kjarasamning eru mjög mismunandi. Líkt og stefnandi veit manna best er fjallað um einstök réttindamál við endurskoðun kjarasamninga í kjölfar kjaraviðræðna og teljast fyrst hluti hans eftir að hann er samþykktur í atkvæðagreiðslu. Það er hins vegar hrapallegur

misskilningur hjá stefnanda ef hann telur það hlutverk Félagsdóms að innleiða einstök réttindi inn í kjarasamning.

Tilvísun til lagaákvæða og annarra heimilda:


Stefndu vísa til laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þá er vísað er til kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands, einkum kafla 1.4 og samkomulags um breytingar og framlengingu kjarasamnings milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélags Akraness sem gildi til 31. mars 2019, sbr. grein 1.2. Loks er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga/kjarasamninga og efndir þeirra.

Um málskostnaðarkröfu vísast til 130. gr. sbr. 129 gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Áskilnaður:

Stefndu áskija sér rétt til að leiða fyrir Félagsdóm aðila og vitni til skýrslugjafar, leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekar málsástæður og mótmæli eftir því sem tilefni gefst til.

F.h. stefndu,
Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit,


Anton B. Markússon hrl.

Til Félagsdóms



Nr. 11 Lagt fram í Félagsdómi þann 3.9.2019

Ráðningarsamningur

Kennitala sveitarfélags 410169-4449		Sveitarfélag AKRANESKAUPSTAÐUR			Sveitarfélagsnúmer 3000	
Kennitala starfsmanns [REDACTED]		Nafn [REDACTED]			Starfsheiti Starfsmaður á sambýli II	
Lögheimili [REDACTED]		Póstnr. 300	Staður Akranesi		Sími 869-3305	
Ráðin(n) skv. kjarasamningi Samband Ísl. Sveitafélaga og viðkomandi stéttarfélags				Stéttarfélag VLFA		
Nafn stofnunar Akraneskaupstaður		Vinnustaður/starfsstaður (einn eða fleiri) Búsetuþjónustan		Banki <input type="checkbox"/> bb. <input type="checkbox"/> m. [REDACTED]		
Vinnufélag: <input type="checkbox"/> Dagvinna <input type="checkbox"/> Vaktvinna <input type="checkbox"/> Annað, hvað: andreaeynis@gmail.com						
Lífeyrisjóður FESTA		Starfsaldur/prófuðaldur		Aðrar greiðslur		
Ráðningartegund				Hóf starf (dags) 23.4.2019		Timabil ef ráðning er tiletinn tíma Dags. ## 31.8.2019
<input type="checkbox"/> Ráðning til franbúðar		<input type="checkbox"/> All. vbarnsbúðar		Launaflokkur		Greiðslutímabil fastra launa:
<input checked="" type="checkbox"/> Tímabundin ráðning		<input type="checkbox"/> All. v/veikinda		<input checked="" type="checkbox"/> Mínuður		<input type="checkbox"/> Fyrirfram
<input checked="" type="checkbox"/> Tímavinna		<input type="checkbox"/> All. v/orlofs		<input type="checkbox"/> Vika		<input checked="" type="checkbox"/> Eftir á
<input type="checkbox"/> Lausráðning		<input type="checkbox"/> All. v/annarra leyfa		Daglegur vinnutími		
<input checked="" type="checkbox"/> Sumarstarf		<input type="checkbox"/> Annað, hvað:		TÍMAVINNA		
<p>Vinnuveitandi og undirritaður starfsmaður gera með sér ráðningarsamning, þar sem starfsmaðurinn er ráðinn til starfa samkvæmt því starfsheiti sem að ofan greinir. Ráðningarsamningurinn er samkvæmt kjarasamningi þeim sem að ofan er tilgreindur eins og hann er á hverjum tíma, enda uppfylli starfsmaður skilyrði til aðildar að hinu tilgreinda stéttarfélagi. Skyli starfsmaður að gæta þagnarskyldu um atriði er hann fær viðskipti um í starfi og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirbóðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Ráðning þessi er ekki gild né verður breytt nema til komi staðfesting yfirmanns í umboði sveitarstjórnar.</p> <p>Félagsmenn BSRB og BHM Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samkvæmt samningi þessum skal vera 3 mánuðir nema kveðið sé á um annað í kjarasamningi. Þó skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera einn mánuður á reynslutíma sem er fyrstu þrjú mánuðir í starfi. Framangreindar reglur gilda einnig ef um tímabundna ráðningu er að ræða. Uppsögn miðast við mánaðanóti.</p>				<p>Um réttindi lausráðinna starfsmanna fer samkvæmt reglum um réttindi lausráðinna starfsmanna sem samþykktar eru af Launanefnd sveitarfélaga og aðilum. Um orlof, réttindi og skyldur starfsmanna, launagreiðslur í veikindum og barnsbúðarleyfi fer samkvæmt lögum, reglugerðum og kjarasamningum sem í gildi eru hverju sinni.</p> <p>Félagsmenn ASÍ - félaga Um launagreiðslur, launaflokk, starfsaldur til launa, aðrar greiðslur, hlunnindi og greiðslutímabil fer eftir því sem í samningi þessum greinir og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan eins og hann er á hverjum tíma. Um orlof og gagnkvæmur uppsagnarfrest fer samkvæmt gildandi lögum hverju sinni og kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan eins og hann er á hverjum tíma. Um rétt til launagreiðslna í veikindum og barnsbúðarleyfi fer eftir gildandi lögum hverju sinni og samkvæmt kjarasamningi þess stéttarfélags sem tilgreint er að ofan eins og hann er á hverjum tíma.</p>		
Undirskrift starfsmanns [REDACTED]		Dags. 12.4.2019		Undirskrift yfirmanns Guðrún V. Valdóttir		

Neðangreint er ekki hluti af ofangreindum ráðningarsamningi heldur ætlað til skráningar og upplýsinga fyrir launadeild.

ÚTFYLLIST AF LAUNADEILD				Útfyllt af RB		Dags 28/5 2019	
Kyn	Deild 02280	Gr.st.	Teg. vinnu. 1206	Atv.gr.nr.	Atv. merk	Dags byrjað	Fyrst byrj. dags.
Ln. 130-128	Starfsstíptíðfall Tímavinna	Hvenær útborgað <input type="checkbox"/> viku <input type="checkbox"/> 1/2 mán. <input type="checkbox"/> mán.		Fyrirfr. gr.		<input type="checkbox"/> Lagt í banka <input type="checkbox"/> ávísun	
Banki v/launa	Höfuðbók	Reikningsnr.	Orlof ekki af dv.	Orlofs% 10.17	Banki v/orlofsr.	Höfuðbók	Orlofsreikn. nr.
Banki/bankaútbú	Gjaldal. nr.		Tegund reiknings <input type="checkbox"/> Sparisj.b. <input type="checkbox"/> Tékkar.		Annar reikn. hvaða		Nr.
Lífeyrisj. nr. 800	Líf.sj.%	Stéttarfélag nr. 130	Stéttarfél. %	Hámark v/op. gj.	Starfsheiti		
Áunninn staldur	Fl.st.aldur	Vinnur hjá	Póst yfirvinna	Bílastyrkur			
Launafl. breyt. dags.	Launafl. breyt. dags.		Launafl. breyt. dags.				
Fylgiskjál:				Afgreiðsla heimiluo			
<input type="checkbox"/> Starfsvottorð		<input type="checkbox"/> Prófskrifteini		Annað _____		_____	
<input type="checkbox"/> Skattkort		<input type="checkbox"/> Starfsleyfi/leyfisbréf		_____		_____	